

113. fundur

17.04.2019

0912049SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundurinn er fjarfundur og hófst hann klukkan 9:00. Á fundinum voru: Haraldur F. Gíslason, fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir tilkynnti forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Röðun starfsheitisins Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed próf í leikskólakennarafræðum.

Komið hefur upp ósamræmi milli kjarasamnings Félags leikskólakennara og kjarasamnings Félags grunnskólakennara þar sem leiðbeinandi 4 með B.ed. próf í grunnskólakennarafræðum í kjarasamningi FG raðast í launflokk 229 á meðan félagsmaður FL með B.ed próf í leikskólakennarafræðum raðast í launaflokk 228.

Niðurstaða:

Frá og með 1. maí 2019 skal starfsheitið Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed próf í leikskólakennarafræðum raðast í launaflokk 229.

2. Röðun starfsheitisins Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed próf í leikskólakennarafræðum.

Niðurstaða:

Taki Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed próf í leikskólakennarafræðum að sér deildarstjórn raðast hann tveimur launflokkum hærra en ella. Frá og með 1. maí 2019 verður röðun starfsheitisins Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed próf í leikskólakennarafræðum launflokkur 231.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:30.